

Mál nr. 265/2015
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar A.

Bifreið varð fyrir tjóni á Snorrabraut í Reykjavík þegar hún lenti í holu á veginum 16.3.2015.

Gögn.

1. Málskot móttækið 2.7.2015 ásamt fylgiskjöllum 1-4.
2. Bréf V dags. 16.7.2015 ásamt fylgiskjöllum 1-3

Málsatvik.

M segir að bifreið sem hún ók á hafi orðið fyrir tjóni þegar hún lenti ofan í holu þegar hún var komin yfir mislæg gatnamót á Snorrabraut við Miklubraut, en holurnar hafi verið þrjár, með þeim afleiðingum að bæði dekk hægra megin sprungu illa og urðu ónýt. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu A vegna þessa tjóns og segir að ljóst sé að holurnar sem ollu tjóninu hafi verið búnar að búa um sig og stækka í nokkurn tíma áður en bifreiðin lenti í holunum og mikill fjöldi hjólkoppa sem voru utan vegar við þennan stað og bíll með sprungið dekk á vettvangi bendi til þess að holurnar hafi verið þarna í nokkurn tíma og líkur á því að A hafi vitað af þeim. V hafnar bótaskyldu og segir að A hafi ekki vitað um aðstæður á tjónsstað þegar M varð fyrir tjóni.

Álit.

Þrátt fyrir að aðstæður á vettvangi tjónsins hafi verið með þeim hætti að líkur séu að því leiddar að tjón hafi áður hlotist á bifreiðum af þeim holum sem bifreið M lenti ofan í, þá er gegn eindreginni neitun A á því að hafa vitað af aðstæðum ekki nægjanlega sannað að A hafi fengið vitneskju um holurnar fyrr en að M hafði orðið fyrir tjóninu. Það að hjólkoppar annarra bifreiða hafi verið nálægt vettvangi dugar ekki sem sönnun um að tjón hafi orðið með þeim hætti að A hafi mátt vera kunnugt um þessar aðstæður. Að gefnum þeim forsendum að A hafi ekki vitað af holunum fyrr en eftir óhapp M á M ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V þar sem skaðabótaábyrgð verður ekki lögð á A vegna atvika sem starfsfólk voru ekki kunn.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 18.8.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.